

SAMÞYKKT

um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi,
Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað innan ofangreindra sveitarfélaga á Suðurnesjum að undan-skildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að veita undanþágu til hundahalds með eftirtöldum skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (H.E.S.) og er leyfi bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings, sem fær merktu plötu sem við á og jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Húðflúr í eyra gert af dýralækni er einnig fullgild merking. Einnig skal við ólina festa merki er sýni að viðkomandi hundur hafi verið hreinsaður.
- b. Árlega skal greiða leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir og er þá um að ræða leyfis-, hreinsunar- og tryggingargjald en H.E.S. sér um að ábyrgðartryggja alla skráða hunda á svæðinu. Samband sveitarstjórna á Suðurnesjum (S.S.S.) ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og rennur það til að standa straum af kostnaði við umsjón og eftirlit með hundum á svæðinu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið greiðist við skráningu fyrir 1 ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars.

Af þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt læknisráði greiðist aðeins tryggingargjald og hreinsunargjald. Dráttarvextir falla á ógreidd gjöld eftir 1. maí.

Hafi gjöldin ekki verið greidd 1. sept. falla hlutaðeigandi leyfi úr gildi. Ef eigendaskipti á hundi eru fyrirhuguð ber hinum nýja eiganda að sækja þegar um undanþágu til H.E.S. Hverjum hundaeiganda öðrum en ábúendum á lögbýlum með fjárhunda, er leyfilegt að eiga að hámarki tvo hunda samtímis.

- c. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, barnaleikvelli, almenningsfarartæki, matvöruverslanir, fiskverkunarhús eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð, ennfremur sjúkrahús, kirkjur, bókasöfn og aðrar opinberar stofnanir.

Parfahundar á lögbýlum (smalahundar) mega ekki ganga lausir utan girðinga nema þegar þeir eru notaðir við smölun.

- d. Hundahald í sambýlishúsum er háð því að eigendur/umráðamenn íbúða eða stjórn húsfélags samþykki slíkt og ber umsækjanda að leggja fram skriflegt samþykki þeirra með umsókn sinni til hundahalds.
- e. Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda (bandormahreinsun) svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd kann að setja.
- f. Hundar mega ekki valda ónæði með spangóli eða gelti.
- g. Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Tíkur ber að sprauta með getnaðarvarnalyfi með 5 mánaða millibili, þó má gefa undanþágu frá því ef fyrir liggur skrifleg beiðni þegar sérstaklega stendur á.

Vönun hunda skal gerð að boði H.E.S., teljist ástæður til þess að fenginni reynslu og skal slíkt tilkynnt hundaeigendum á lögformlegan hátt.

- h. Hundaeigendum ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunda sinna og m.a. fjarlægja hundaskít.

3. gr.

Ef brotið er gegn skilyrðum fyrir hundahaldi má taka viðkomandi hund úr umferð og skal honum komið fyrir í hundageymslu sé um minniháttar brot að ræða. Skal þá hund eigandi látinn vita og honum gefinn kostur á að leysa hundinn út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins innan viku. Sé um að ræða ítrekað brot og alvarleg brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Veitist hundur að fólki með gelti eða urri að tilefnislausu, glefsar eða bítur telst það alvarlegt brot.

Vanræksla á að færa hund til bandormahreinsunar telst alvarlegt brot. Sé hundur staðinn að því að elta og bíta sauðfé telst það alvarlegt brot. Heimilt er að aflífa leyfislausu hunda.

4. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt hvenær sem þörf krefur að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi teljist þess þörf. Þegar um afturköllun leyfis er að ræða ber hund eiganda að færa viðkomandi hund í hundageymslu eða til dýralæknis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Í þeim tilvikum þar sem rekja má leyfissviptingu til vanrækslu eiganda skal veittur viku frestur til að ráðstafa hundinum annað. Sé slíkt ekki gert er heimilt að aflífa hundinn.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðnes-hrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur út gildi samþykkt með sama heiti frá 29. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. september 1987.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.